

Fundargerð DKG IOTA deild.

Fundur haldinn þriðjudaginn 3. nóvember 2020 á Zoom.

Barbara Gunnlaugsson setti fundinn klukkan 18:32. Mættar 17 konur og 1 gestur.

1. Barbara kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
2. Nafnakall. 8 konur boðuðu forföll.
3. Fréttir frá Landssambandi. Næsta landsambandsþing verður haldið vorið 2021 í Reykjanesbæ. Barbara sagði frá því að þrjár ráðstefnur séu á dagskrá hjá DKG, í Bandaríkjunum, Evrópu og Finnlandi. Sjá nánari upplýsingar í fréttablaði DKG.
4. Kona kynnir sig – Pernilla Rein. Pernilla sagði frá sjálfri sér. Hún er fædd og uppalin í Gautaborg í Svíþjóð. Hún hefur búið lengur á Íslandi en í Svíþjóð. Hún er bókasafns og upplýsingafræðingur. Starfar á Bókasafni Ísafjarðarbæjar, Háskólasetrinu og á sumrin er hún Landvörður í Hornstrandafriðlandi. Hún sagði okkur frá sér, starfi og fjölskyldu.
5. Falsfréttir og fjölmiðlalæsi – Elva Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar. Hún ræddi um mikilvægi miðlalæsis sem færni 21. aldarinnar í upplýsingaóreiðu. Upplýsingaóreiða er leið til að reyna að hafa áhrif og breyta hegðun fólks. Það fer eftir aldri hvaða forrit og miðla fólk notar. Þessi fyrirlestur er á heimasíðu DKG. Á heimasíðu fjölmiðlanefndar er hægt að sjá upplýsingar um þetta efni.
6. Orð til umhugsunar – Kristín Björk Jóhannsdóttir. Hún las fyrir okkur ljóðið „Ég er svona stór“ úr ljóðabókinni Þorpið sem kom út 1946 eftir Jón úr Vör. Hann fæddist á Patreksfirði 21. janúar 1917. Þetta ljóð er á gafli íþróttahússins á Patreksfirði. Jón sagði að bókasöfn væru hans skóli. Hann stofnaði lestrafélög og bókasöfn bæði á Patreksfirði og í Kópavogi. Þetta ljóð vakti hjá henni hughrif og gleði.
7. Bryndís las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.
8. Næsti fundur verður 3. desember.

Fleira ekki gert og fundi slitið 19:40.

Bryndís Ásta Birgisdóttir ritaði fundargerð.